



**Hagnýtar upplýsingar fyrir íbúa
Heilsuverndar Hjúkrunarheimilis**
ásamt upplýsingum úr handbók
Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

Útgáfa 1 – 20. maí 2018.
Útgáfa 2, júní 2022

Upphafleg útgáfa var unnin af:
Þóra Sif Sigurðardóttir,
Helga G. Erlingsdóttir og
Halldór S. Guðmundsson.

Velkomin/nn

Í handbók HH er samantekt á upplýsingum fyrir íbúa Heilsuverndar hjúkrunarheimilis (HH) ásamt upplýsingum úr “Handbók fyrirtækja í velferðarþjónustu fyrir íbúa hjúkrunarheimila”. Með handbók HH er á einum stað teknar saman hagnýtar upplýsingar og reglur sem varða málefni nýrra íbúa á hjúkrunarheimilum.

Heilsuvernd hjúkrunarheimili eru heimili fyrir aldraða og aðra þá sem hafa gilt mat Færni- og heilsufarsnefndar á þörf fyrir búsetu í dvalar- eða hjúkrunarrými.

Innan HH eru tvær starfsstöðvar, Lögmannahlíð við Vestursíðu 9 og Hlíð við Austurbyggð 17-21.

Á heimilum HH er unnið samkvæmt Eden hugmyndafræðinni og aðferðum þjónandi leiðsagnar, sem miða að því að koma í veg fyrir einmannaleika, vanmáttarkennd og leiða hjá íbúum. Haft er að leiðarljósi að hver íbúi eigi sér líf sem hann sjálfur metur gott. Á Edenheimili er lögð rík áhersla á samkennd, hlýleika og virðingu þar sem leitast er við að gera hið daglega líf innihaldsríkt og gefandi fyrir íbúa og starfsfólk. Eden hugmyndafræðin leggur áherslu á heimilislegt umhverfi og að íbúar búi heimili sitt með munum sem geyma góðar minningar. Á Edenheimili er áhersla á þátttöku íbúa í sem flestum málum og að íbúar taki eins mikla ábyrgð á lífi sínu og þeir geta.

Velferðartækni vísar til tækni sem sérstaklega gagnast íbúum og öðrum notendum til að viðhalda eða auka lífsgæði sín. Á heimilum HH er lögð áhersla á, eftir því sem kostur er, að nýta tæknilegar lausnir sem geta bætt vellíðan og lífsgæði íbúa og aðstandenda. Þáttur í þessu er aðgengi að þráðlausu neti sem getur auðveldað rafræn samskipti íbúa og aðstandenda.

Stór hluti af því að stuðla að vellíðan og öryggi íbúa er að innan HH er lögð mikil áhersla á góða samvinnu starfsfólks við íbúa, fjölskyldu hans og vini.

Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Hjálpartæki	5
Máltíðir	7
Heimilishald	9
Ferðalög og akstur	11
Fatnaður	12
Hjúkrunarvörur	13
Persónulegt hreinlæti	14
Félagsstarf.....	15
Fjármál	16
Brottflutningur eða andlát.....	17
Annað.....	17

Inngangur

Handbók þessi er afrakstur af starfi vinnuhóps innan Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) og samantekt úr hagnýtum upplýsingum til íbúa HH. Með þessu er á einum stað leitast við að upplýsa nýja íbúa og aðstandendur þeirra og starfsfólk, um hvaða reglur og viðmið gilda um dvöl á dvalar og hjúkrunarheimilum.

Í ávarpi sem formaður SFV ritar í 1. útgáfu handbókarinnar sem kom út í nóvember 2017 segir;

„Hjúkrunarheimili starfa í samræmi við samning við Sjúkratryggingar Íslands, lög og reglugerðir. Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) hafa útbúið handbók til að auðvelda nýjum íbúum og ættingjum þeirra að átta sig á hvað sé innifalið í dvalargjaldi sem greitt er fyrir dvölinu frá Sjúkratryggingum Íslands og með lögbundinni greiðslupátttöku íbúa.

Hjúkrunarheimili hafa síðan mismunandi hátt á um hvort viðbótarþjónusta sé í boði sem greitt er sérstaklega fyrir samkvæmt gjaldskrá viðkomandi heimilis. Að öllu jöfnu er þjónusta sem íbúi á hjúkrunarheimili sækir sér utan heimilisins ekki innifalin í dvalargjaldi nema hún sé tilgreind hér í handbókinni. Ýmis sérákvæði geta gilt um heimili með sértæka þjónustusamninga, t.d. um Sóltún hjúkrunarheimili einkaframkvæmd.

Um leið og ég þakka vinnuhópi fagraðs hjúkrunar innan SFV fyrir framtakið vona ég að þessi handbók verði öllum til gagns og verði til þess að gera góða öldrunarþjónustu hér á landi enn betri og markvissari.“

Heilbrigðisþjónusta

„Hlutverk hjúkrunarheimilis er að búa einstaklingum, sem ekki geta dvalið á eigin heimili með viðeigandi stuðningi, dvöl og aðstoð við athafnir daglegs lífs og veita þeim viðeigandi heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Þegar lífslok nálgast er það einnig hlutverk hjúkrunarheimilis að veita líknandi meðferð og meðferð við lífslok til að einstaklingurinn geti haldið reisn sinni og átt friðsælt andlát. Þjónustan skal byggjast á einstaklingsbundnu mati á heilsufarslegum og félagslegum þörfum íbúans og miða að því að mæta þörfum hans og stuðla að bestu mögulegu lífsgæðum, sjá lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra, og reglugerð nr. 427/2013, um greiðslur öldrunarstofnana fyrir heilbrigðisþjónustu.

Meginviðfangsefni hjúkrunarheimila er að veita langtímahjúkrun, aðhlynningu og umönnun og félagslegan stuðning á faglegan og ábyrgan hátt sem byggist á umhyggju og virðingu fyrir íbúa og fjölskyldu hans.

Hugmyndafræði hjúkrunarheimilis skal taka mið af eftirtöldum þáttum:

Að búa íbúum vistlegt heimili þar sem mannréttindi, mannúð og virðing er í heiðri höfð.

Að skapa íbúum öryggi með viðeigandi félagslegum og heilsufarslegum stuðningi.

Að veita íbúum alla nauðsynlega hjúkrun, umönnun og læknishjálp.

Að styðja og styrkja sjálfsmynd og sjálfræði íbúa.

Stuðningur við einstaklinginn skal miða að því að viðhalda getu hans og virkni eins og kostur er með hans eigin þátttöku, hjúkrun, aðhlynningu, þjálfun, læknishjálp og hjálpartækjum og aðstoða hann við að takast á við breyttar aðstæður. "*"

*Kröfulýsing fyrir hjúkrunarrými og dvalarrými, útgáfa III. Velferðarráðuneytið sept.2016

Heilbrigðisþjónusta

	Innifalinn í dvalargjaldi	Ekki í dvalargjaldi
Augnlæknaþjónusta, ávísuð af lækni heimilisins	x	
Blóðgjöf, ávísuð af lækni heimilisins	x	
Fótaaðgerðarfræðingur - þjónusta		x
Heyrnar- og talmeinastöðin, ávísuð af lækni heimilisins	x	
Hjúkrun metin og veitt á heimilinu	x	
Iðjupjálfun skv. mati iðjupjálfa	x	
Lyf ávísuð af lækni heimilisins	x	
Læknishjálp metin og veitt á heimilinu	x	
Rannsóknir ávísaðar af lækni heimilisins	x	
Röntgengreiningar ávísaðar af lækni heimilisins	x	
Sérfræðilæknisþjónusta utan heimilis, án ávísunar af lækni heimilisins		x
Sérfræðilæknisþjónusta utan heimilis, ávísað af lækni heimilisins*	x	
Sjúkrabjálfun ávísuð af lækni heimilisins	x	
Sjúkrabjálfun skv. mati sjúkrabjálfa heimilisins	x	
Súrefni, ávísað af lækni heimilisins	x	
Talmeinafræðingur - þjónusta ávísuð af lækni heimilisins	x	
Tannfræðingur – þjónusta		x
Tannlæknaþjónusta sjá reglugerð nr.451/2013 um þátttöku SÍ í greiðslum		x
Vitamin og fæðubótarefni án ávísunar læknis		x

* Taka þarf fram við komu til sérfræðinga, rannsókna, röntgenmyndataka (sem ávísað er af lækni heimilisins) að einstaklingurinn sé íbúi á hjúkrunarheimili HH og reikningur eigi að berast þangað.

Innan Heilsuverndar hjúkrunarheimilis er lögð áhersla á að ráða hæft starfsfólk sem leggur metnað sinn í að framfylgja markmiðum þjónustunnar og vinna í samræmi við Eden hugmyndafræðina og aðferðir þjónandi leiðsagnar. Unnið er á þrískiptum vöktum: dag-, kvöld- og næturvakt. Deildastjórar heimilanna vinna á dagvinnutíma virka daga. Áhersla er lögð á gagnkvæma virðingu, einstaklingsmiðaða þjónustu og sveigjanleika í öllum samskiptum.

Þagnarskylda hvílir á öllu starfsfólki

Allir íbúar fá í upphafi dvalar úthlutað ákveðnum starfsmann sem er tengiliður hans. Hlutverk tengils er:

- Að aðstoða og vera tengiliður við aðlögun á nýju heimili.
- Að vera ráðgefandi varðandi þjónustuna á heimilinu.
- Að vera tengiliður við fjölskyldu.
- Að taka þátt í fjölskyldufundum.

Hjálpartæki

Frá og með 1. mars 2022 greiða Sjúkratryggingar Íslands nú styrki vegna tiltekinna hjálpartækja til íbúa hjúkrunarheimila sem áður hafði verið á hendi hjúkrunarheimilanna sjálfra að útvega og greiða fyrir. Um er að ræða hjálpartæki til öndunarmeðferðar, hjálpartæki við blóðrásarmeðferð, stoðtæki, stómahjálpartæki, göngugrindur, hjólastóla og fylgihluti fyrir hjólastóla og tölvur til sérhæfðra tjáskipta.

Breytingin felur þetta í sér:

- Íbúar hjúkrunarheimila eiga nú sama rétt á þessum tilteknu hjálpartækjum og aðrir sjúkratryggðir landsmenn, hvort sem að þeir eru með tækin fyrir eða þurfa á þeim að halda eftir flutning á hjúkrunarheimili.
- Einstaklingur sem flytur á hjúkrunarheimili og er að nota þessi hjálpartæki, þarf ekki að skila þeim til SÍ vegna flutnings á hjúkrunarheimili.
- Í þeim tilfellum þar sem samþykkt er önnur greiðslupátttaka en 100% þá fellur það í hlut heimilisins að greiða hlut íbúa.
- Hjálpartækin eru styrkt ef einstaklingurinn þarf að nota þau í 3 mánuði eða lengur.

Í reglugerð 427/2013 er fjallað um að Sjúkratryggingar Íslands skulu veita umsækjendum ráðgjöf og upplýsingar um hjálpartæki, aðstoða við val á hjálpartækjum og við afgreiðsluferlið. Jafnframt skal stofnunin annast uppsetningu, breytingar, sérsmiði og aðstoð við aðlögun hjálpartækja fyrir notendur eða sjá um að aðrir aðilar annist þessa þjónustu. Stofnunin skal annast nauðsynlegt viðhald og viðgerðir á hjálpartækjum sem eru í eigu hennar eftir að ábyrgð seljenda er útrunnin. Að notkun lokinni ber að skila hjálpartækjum sem hægt er að endurnýta. Hjúkrunarheimili sækja og senda öll hjálpartæki, þar á meðal rafknúna hjólastóla

Það er hjúkrunarheimilisins að meta þörf íbúa fyrir hjálpartæki. Við skilgreiningu á því hvort tilgreint hjálpartæki telst liður í heilbrigðisþjónustu og fellur undir greiðsluskyldu hjúkrunarheimilis, skal litið til reglugerðar nr. 1155/2013 um styrki til hjálpartækja. Í fylgiskjali með reglugerðinni kemur fram listi yfir hjálpartæki, sem hægt er að styðjast við.

Skv. reglugerð 1155/2013 eiga íbúar á hjúkrunarheimilum rétt á hjólastólum frá Sjúkratryggingum Íslands.

Í fylgiskjali með reglugerð segir um val á hjólastólum:

„Tegund hjólastóls fer eftir færni og virkni viðkomandi. Dæmi: Léttir hjólastólar sem eru með auknum stillimöguleikum á hjólum/setstöðu og þar sem hægt er að taka hjól af eru frekar fyrir virka einstaklinga, einnig hugsanlega fyrir þá sem ekki ráða við annað vegna sjúkdóms og verða sjálfbjarga með léttari stól.

Einfaldir hjólastólar eru almennt frekar fyrir þá sem eru ekki eins virkir, t.d. aldraða á dvalarstofnunum og þá sem ekki eru stöðugt háðir hjólastól.“

<http://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/heilbrigdis/nr/19040>

Heyrnartæki

Í reglugerð 969/2015 er fjallað um styrki til kaupa á heyrnartækjum, þar segir:

Einstaklingar 18 ára og eldri sem eru sjúkratryggðir hér á landi samkvæmt lögum um sjúkratryggingar og hafa tónmeðalgildi á betra eyranu ≥ 30 dB < 70 dB við tíðnina 0,5, 1,0, 2,0 og 4,0 kHz eða við tíðnina 2,0, 4,0 og 6,0 kHz eiga rétt á styrk að fjárhæð 50.000 kr. frá Sjúkratryggingum Íslands vegna kaupa á heyrnartækjum hjá rekstrarleyfishöfum, sbr. reglugerð um sölu heyrnartækja, nr. 148/2007.

Hver einstaklingur getur mest notið styrkja hjá Sjúkratryggingum Íslands eða greiðslupátttöku hjá Heyrnar- og talmeinastöð, sbr. reglugerð um greiðslupátttöku ríkisins í hjálpartækjum sem Heyrnar- og talmeinastöð útvegar, fyrir tvö heyrnartæki, eitt fyrir hvort eyra, á hverju fjögurra ára tímabili. Heimilt er að víkja frá þessu ef heyrn breytist umtalsvert að mati háls-, nef- og eyrnalæknis þannig að talin er nauðsyn á nýju heyrnartæki. Framvísa skal vottorði því til staðfestingar.

Athugið að Heilsuvernd Hjúkrunarheimili ber ekki ábyrgð á skemmdum sem verða á heyrnartækjum eða ef þau tynast.

<http://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/heilbrigdisraduneyti/nr/19837>

Hjálpartæki

	Innifalin í dvalargjaldi	Ekki í dvalargjaldi
Gleraugu		x
Göngugrindur	x	
Heyrnartæki (sjá reglugerð nr. 969/2015)		x
Hjólástólar (sjá reglugerð nr.1155/2013)	x	
Loftdýnur skv. mati hjúkrunarfræðings heimilisins	x	
Tanngómar		x
Rafhlöður í heyrnartæki		x
Nauðsynleg hjálpartæki skv. mati hjúkrunarheimilis og sem falla undir reglugerð nr. 1155/2013	x	
Stoðtæki/spelkur skv. umsókn frá sjúkrapjálfa/iðjupjálfa	x	
Súrefnissíur (frá súrefnisþjónustunni)	x	
Súrefnissíur - ferðasíur		x
Öryggishnappur eða annar sértækur búnaður		x

*Athuga þarf að heimilismanni og/eða ættingjum hans ber að sjá um skil á einstaklingsbundnum hjálpartækjum þegar notkun er hætt sbr. 5 grein reglugerðar nr.1155/2013.

Sjúkra- og iðjupjálfar ásamt deildastjórum HH sjá um að meta þörf íbúa fyrir hjálpartæki.

Máltíðir

„Hjúkrunarheimili skulu leggja áherslu á að umhverfi máltíða sé heimilislegt og hlýlegt. Fullt fæði telst vera morgunverður, hádegisverður, eftirmiðdagskaffi, kvöldverður og kvöldhressing. Að minnsta kosti ein máltíð, annað hvort hádegisverður eða kvöldverður, skal vera heit máltíð. Tími milli matmála, frá morgni til kvölds, skal að jafnaði ekki vera lengri en 3–4 klst. og tíminn frá kvöldhressingu til morgunverðar skal ekki vera lengri en 11 klst.

Samsetning fæðunnar skal taka mið af *Handbók um mataræði aldraðra* þar sem er að finna ráðleggingar Lýðheilsustöðvar (nú Embættis landlæknis) um mataræði og næringarefni. Rekstraraðili skal sérstaklega huga að næringarinnihaldi fæðisins, fjölbreytni máltíða og sérstökum þörfum og óskum íbúa.

Við skipulag máltíða er mikilvægt að hafðar séu í heiðri íslenskar venjur og siðir. Virða skal þá venju að hafa aðalmáltíð dagsins að kvöldi á aðfangadag og gamlársdag. Tekið skal tillit til almennra hátíðisdaga og merkisdaga í lífi íbúa.

Rekstraraðili skal taka tillit til sérstakra matarvenja sem íbúar hafa tileinkað sér og bjóða þeim fæði í samræmi við það. Þannig skulu þeir eiga rétt á grænmetisfæði eða kjöt- eða fisklausu fæði ef þeir óska þess og einnig fæði sem tekur mið af trúarbrögðum þeirra, t.d. fæði án svínakjöts. Einnig skal virða aðrar trúarlegar matarvenjur sem íbúar kunna að hafa, svo sem föstur. "**

*Kröfulýsing fyrir hjúkrunarrými og dvalarrými, útgáfa III. Velferðarráðuneytið sept.2016

Máltíðir

	Innifalin í dvalargjaldi	Ekki í dvalargjaldi
Áfengir drykkir		x
Einkaveislur þar sem íbúi býður gestum		x
Kaffi og meðlæti fyrir maka og gesti íbúa		x
Næringardrykkir skv. mati hjúkrunarfræðings heimilisins	x	
Máltíðir fyrir maka og gesti íbúa		x
Máltíðir skv. matseðli heimilisins	x	
Sjúkrasérfæði skv. matseðli heimilisins	x	
Sérstakar matarvenjur skv.ákv. í kröfulýsingu	x	
Sérлагаðir kaffidrykkir		x
Óskafæði, aðkeypt		x

Á öllum heimilum innan HH kemur hádegisverðurinn tilbúinn frá eldhúsi Hlíðar. Aðrar máltíðir eru útbúnar á hverju heimili fyrir sig og eru íbúar hvattir til þátttöku í þeim heimilisstörfum eins og þeir treysta sér til.

Íbúum er velkomið versla á eigin vegum matvörur til eigin nota heimilum HH.

Vilji íbúi bjóða ættingja eða vin í mat er hægt að kaupa máltíð í matsal Hlíðar. Í Lögmannshlíð setur íbúinn sig í samband við starfsfólk heimilisins óski hann eftir að bjóða ættingja/vin í mat. Sameiginlega aðstöðu til dæmis í eldhúsum heimilanna er hægt að nota vilji íbúi og/eða gestir hans útbúa kaffibrauð fyrir íbúa.

Boðið er upp á aðstöðu fyrir veislur og aðrar samkomur í Hlíð. Íbúi og fjölskylda hans sjá alfarið um öll veisluföng, dúka, servíettur, kerti, blómavasa og þess háttar. Frágangur á sal að lokinni veislu er á þeirra ábyrgð.

Panta þarf salina (**Samkomusalur í Hlíð eða Kaffi Sól**) á dagvinn tíma í síma 460-9222 eða í netfangið astaa@hlid.is

Samkomusalurinn í Hlíð: Tekur í kring um 120 manns, þar er kaffistell fyrir 150 manns, flygill, skjávarpi, tölva og hljóðkerfi.

Heimilishald

„Hjúkrunarheimili skal sjá um þvott á eigin líni og þvott á einkafatnaði íbúa sem þvo má í þvottavél, íbúunum að kostnaðarlausu, þó ekki einkafatnaði sem krefst meðhöndlunar í efnaaug eða handþvottar. “*

*Kröfulýsing fyrir hjúkrunarrými og dvalarrými, útgáfa III. Velferðarráðuneytið sept.2016

Nýir íbúar geta flutt lögheimili sitt á HH (sjá [lög um lögheimili](#)) og mikilvægt er að breyta póstfangi svo póstur berist á réttan stað.

Heilsuvernd hjúkrunarheimili er heimili þeirra sem þar búa. Í herbergjum hjúkrunarheimila fylgja rúm og náttborð. Íbúar í dvalarrými koma með sitt eigið rúm og náttborð.

Lögð er áhersla á vistlegt umhverfi og að íbúar hafi persónulega muni með sér til dæmis gardínur, rúmteppi, húsgögn og skrautmuni t.d. ljósmyndir svo að nýja heimilið verði notalegt og heimilislegt.

Gólfteppi og mottur eru óæskilegar sökum slysaþættu. Við uppröðun húsgagna skal hafa í huga að skapa ekki þrengsli svo íbúi og starfsfólki geti auðveldlega athafnað sig. Tenglar eru fyrir síma og sjónvarp inni á herbergjum ásamt aðgengi að þráðlausu neti (hlid-gestir).

Íbúi sér um og greiðir fyrir flutning, afnotagjald og annan kostnað af síma og gjaldskyldum sjónvarpsstöðvum í eigin herbergi.

Í setustofum allra heimila er sameiginlegt sjónvarp, útvarp og tölva auk aðgengi að spjaldtölvu ásamt þráðlausri nettengingu.

Eignir íbúa eru á þeirra eigin ábyrgð. Vilji íbúi tryggja innbú sitt sérstaklega þarf hann sjálfur að kaupa sér viðeigandi tryggingu.

Athygli er vakin á að kertaljós eru bönnuð á herbergjum vegna slysaþættu (t.d. vegna notkunar íbúa og annarra á súrefni) og rafmagnshitateppi eru óæskileg vegna hættu á brunasárum.

Þær aðstæður geta skapast að íbúi þurfi að flytja innanhúss milli herbergja eða heimila og er það ávallt gert í samráði við hann og fjölskyldu hans.

Heimilishald

	Innifalin í dvalargjaldi	Ekki í dvalargjaldi
Fataskápur	x	
Gardínur eða rúllugardínur	x	
Handklæði og þvottapokar		x
Hreinsun á einkafatnaði		x
Hreinsun á gardínum og teppum		x
Ísskápur í einkaherbergi		x
Náttborð (hjúkrunnarrými)	x	
Sjúkrarúm (hjúkrunnarrými)	x	
Rúmdýna/legusáravarnard. skv. mati hjúkrunarfræðings	x	
Rúmteppi		x
Ræsting skv. ræstingaráætlun heimilisins *	x	
Sími og afnotagjöld af síma til einkaafnota		x
Sjónvarp og afnotagjöld í einkaherbergi		x
Sófar, stólar og sófaborð í einkaherbergi		x
Stólar og borð í einkaherbergi		x
Sæng og koddí		x
Sængur og koddar sem þurfa að fara í hreinsun		x
Sængurlín		x
Tryggingar á dýrum munum s.s. málverkum og listmunum		x
Tryggingar á einkamunum vegna bruna- og vatnstjóns	x	
Útvarp í einkaherbergi		x
Viðhald húsnæðis (almennt)	x	
Þvottur á einkafatnaði sem þolir almennan þvott í þvottavél	x	
Þvottur á líni; sængurlíni og sængum og koddum í þvottavél**	x	
Þvottur á viðkvæmum einkafatnaði sem þarf að handþvo		x

*Í ræstingaráætlun heimilisins eru þrif á einkarýmum íbúa á eftirfarandi hátt: Baðherbergi íbúa er þrifið þrisvar í viku, þurrkað af öllum flötum, vaskur og klósett þrifin og gólf blautskúrað. Annað einkarými er þrifið tvisvar í viku, þá er þurrkað af, blautskúrað annað skiptið og þurrmoppað hitt skiptið. Þrif inni í skápum og lokuðum hirslum t.d. fataskápum og ísskáp eru ekki innifalin í dvalargjaldi, það sér íbúi sjálfur um eða aðstandendur.

Ferðalög og akstur

Ferðalög í einkaerindum, innanlands sem og erlendis, er alfarið á kostnað og ábyrgð íbúa.

Samkvæmt lögum og öðrum settum reglum ber hjúkrunar- og dvalarheimilum að tryggja að þeir heimilismenn sem þar dvelja eigi kost á heilbrigðisþjónustu (sem og annarri þjónustu af ýmsu tagi) sem heimilið kostar að fullu, hvort sem þjónustan er veitt inni á stofnun eða utan hennar.¹

Ekki er hins vegar gert ráð fyrir því í greiðslum til hjúkrunar- og dvalarheimila fyrir þessa þjónustu, að þau taki ábyrgð á greiðslu kostnaðar sem fallið getur til vegna ferðalaga heimilismanna erlendis.

Leitið nánari upplýsinga hjá deildastjóra þess heimilis sem íbúinn dvelur á ef áætlað er að ferðast erlendis.

Vinsamlega látið starfsfólk heimilisins vita ef íbúi bregður sér af bæ.

	Innifalin í dvalargjaldi	Ekki innifalin í dvalargjaldi
Akstur í einkaerindum		x
Akstur í sérmeðferðir utan heimilis*		x
Akstur til sérfræðilæknis skv. ávísun læknis heimilisins	x	
Akstur til tannlæknis		x
Ferðir erlendis, flug /sigling/akstur o.fl.		x
Rafskutlur		x
Rekstur eigin bifreiðar		x
Sjúkraflutningar skv. ákvörðun hjúkrunarfræðings**	x	
Sjúkraflug vegna ferða í einkaerindum innanland og erlendis		x

*Sérmeðferðir, getur átt við um klippingu, fót snyrtingu ofl. sem er á eigin vegum íbúa.

**Sjúkraflutningar sem ekki eru ákvarðaðir af hjúkrunarfræðingi heimilisins eru ekki innifaldir í dvalargjaldi.

¹ Sjá t.d. lög nr. 125/1999, reglugerð nr. 427/2013 o.fl.

Fatnaður

Íbúar sjá sér sjálfir fyrir einkafatnaði, þar með talin nærföt, sokkar og ytri föt.

Íbúar HH og fjölskyldur þeirra sjá um kaup, eftirlit, merkingar og viðgerðir á fatnaði.

Í Hlíð er miðlægt þvottahús sem þvær megnið af tilfallandi þvotti í Hlíð. Inn á hverju heimili er þvottavél og þurrkari / þurrkgrind til afnota fyrir íbúa.

Í Lögmannshlíð eru þvottahús á hverju heimili og taka íbúar þátt í þessum heimilisstörfum eftir aðstæðum og getu hverju sinni.

Ef fatnaður týnist þarf strax að hafa samband við starfsfólk. Heimilin greiða ekki fyrir fatnað sem skemmist eða týnist í þvotti.

	Innifalin í dvalargjaldi	Ekki innifalin í dvalargjaldi
Einkafatnaður		x
Merkimiðar á fatnað		x
Netbuxur	x	
Persónulegur nærfatnaður		x
Skór/inniskór		x
Sérsmíðaðir skór skv. reglum Sjúkratrygginga		x
Teygjusokkar skv. ávísun læknis/sjúkrapjálfa	x	

Hjúkrunarvörur

Hjúkrunarheimili leggja til nauðsynlegar hjúkrunarvörur sem íbúar þarfnast af heilsufarsástæðum og samkvæmt mati hjúkrunarfræðings heimilisins. *

	Innifalin í dvalargjaldi	Ekki innifalin í dvalargjaldi
Bleiur skv. innkaupalista heimilisins	x	
Undirbreiðslur skv. innkaupalista heimilisins	x	
Bleiubuxur skv. innkaupalista heimilisins	x	
Nálar	x	
Sáraverndandi krem skv.mati hjúkrunarfræðinga	x	
Sprautur	x	
Sondur	x	
Súrefnisvörur	x	
Stomavörur	x	
Umbúðir	x	
Þvagleggir	x	

*Þær hjúkrunarvörur sem innifaldar eru í dvalargjaldi eru eingöngu þær vörur sem keyptar eru inn á heimilinu skv. Samningum Heilsuverndar hjúkrunarheimilis við byrgja. Óski íbúar eftir öðrum vörum er þeim frjálst að kaupa þær sjálfir.

Persónulegt hreinlæti

„Hjúkrunarheimili skal sjá til þess að íbúum standi til boða hársnyrti- og fóta-aðgerðapjónusta innan veggja heimilisins. Íbúar greiða sjálfir fyrir þessa þjónustu. " *

*Kröfulýsing fyrir hjúkrunarrými og dvalarrými, útgáfa III. Velferðarráðuneytið sept. 2016

	Innifalin í dvalargjaldi	Ekki í dvalargjaldi
Dag- og rakakrem		x
Fótsnyrtipjónusta		x
Hársnyrtipjónusta		x
Hársnyrtivörur		x
Nuddþjónusta		x
Skeggsnyrtivörur		x
Snyrtifræðingur - þjónusta		x
Snyrtivörur makeup		x
Tannbursti og tannkrem		x

Eftirfarandi þjónusta er í boði á HH og greiða íbúar fyrir hana sjálfir.

Fótaaðgerðafræðingur: Berglind Jónsdóttir

Fótaaðgerðastofa er starfrækt í Hlíð sem veitir einnig þjónustu í Lögmannshlíð.
Pantanir eru í síma 460-9224 eða 854-1101.

Hársnyrtisofa: Hárstudió Hafdísar

Býður upp á alla almenna hársnyrtingu fyrir dömur og herra og veitir einnig þjónustu í Lögmannshlíð.
Pantanir eru í síma 460-9223 og 849-8854.

Þjónusta verktaka á HH er eingöngu í boði gegn staðgreiðslu.

Verslun í Hlíð

Í afgreiðslunni á Hlíð er verslunin „Litla kaupfélagið“ þar sem til sölu eru t.d. rafhlöður í heyrnartæki, snyrtivörur og sælgæti.

Félagsstarf

„Íbúum skal standa til boða félagsstarf og tómstundaiðja sem stuðlar að virkni og auknum lífsgæðum. Íbúar skulu eiga þess kost að sækja virknistarf og þjálfun utan heimiliseiningar sinnar. Jafnframt skal leitast við að gefa kost á ferðum út í samfélagið á eigin kostnað íbúa svo komið verði til móts við þarfir sem flestra til félagslegra samskipta og samveru. Auk þess skulu þeir eiga kost á aðgengi að svæði til útiveru með aðstoð starfsfólks og/eða aðstandenda. Félagsstarf skal taka mið af óskum og líðan einstaklingsins á hverjum tíma.

Æskilegt er að boðið sé upp á trúarlegar athafnir með reglulegu millibili og sálgæsla skal standa íbúum til boða sé þess óskað sem og stuðningur við aðstandendur og starfsfólk. ”*

*Kröfufýsing fyrir hjúkrunarrými og dvalarrými, útgáfa III. Velferðarráðuneytið sept. 2016

	Innifalin í dvalargjaldi	Ekki í dvalargjaldi
Bíómiðar utanhúss		x
Dagblöð og tímarit		x
Félagsstarf skv. dagskrá heimilisins*	x	
Sálgæsla**	x	
Hreyfihópar t.d. stólaleikfimi - boccia – pílukast***	x	
Leikhúsmiðar utanhúss		x
Námskeið á heimilinu - greiða þarf efnisgjald		x
Sjónvarp í sameiginlegum setustofum	x	
Sundferðir		x
Tónleikar utanhúss		x
Útvarp í sameiginlegum setustofum	x	

* Félagsstarf í Hlíð og í Lögmanshlíð fer fram á dagvinnutíma alla virka daga.

** Sóknarprestar halda guðþjónustu til skiptis í Hlíð og Lögmanshlíð. Íbúar geta óskað eftir viðtali.

*** Fer eftir dagskrá félagsstarfs hjá hverju heimili fyrir sig.

Á HH er boðið upp á þjónustu iðjuþjálfara sem metur og skipuleggur þjálfun fyrir íbúa við athafnir daglegs lífs og hvetur til virkrar þátttöku við tómstundariðju. Hann útvegar hjálpartæki sem auðvelda íbúum þátttöku við daglega iðju og veitir íbúum, starfsfólki og aðstandendum ráðgjöf eftir þörfum. Þjálfunin fer fram með einstaklingsíhlutun eða hópum inni á heimilunum. Einnig er boðið upp á sérhæft meðferðarúrræði fyrir fólk með heilabilun sem nefnist Lífsneistinn.

Í almennu félagsstarfi er boðið upp á fjölbreytta tómstundaiðju svo sem handverk, upplestur, leikfimi, spilavist, bingó, keilu, kráarkvöld og myndasýningar. Ýmsar skemmtanir og ferðalög tengd árstíðum eru einnig í boði. Starfsfólk iðju- og félagsstarfs sinnir einnig einstaklings íhlutun og reynt er að setja upp dagskrá sniðna að þörfum íbúa.

Smiðja er starfrækt á Hlíð og þar er hægt að vinna að grófara handverki. **Kaffi Sól** er kaffihús í Hlíð. Hægt er að fá lánaðar bækur frá Amtsbókasafninu. Hljóðbækur geta íbúar pantað frá [Hljóðbókasafninu](#). Einnig er bent á mögulega net-áskrift af hljóðbókum frá Hljóðbókasafninu eða öðrum aðilum sem bjóða slíka þjónustu.

Fjármál

„Íbúi annast sjálfur fjárvörslu og umsýslu fjármuna sinna nema að hann ákveði, vegna veikinda eða fötlunar, að láta skipa sér ráðsmann til að annast fjárreiður sínar. Rekstraraðila eða starfsmönnum hans er óheimilt að hafa með höndum fjárvörslu fyrir íbúa.

Ráðsmaður.

Í þeim tilvikum sem íbúi eða aðstandandi hans getur ekki séð um fjármál íbúans skal rekstraraðili stuðla að því að hann sækir um að sér verði skipaður ráðsmaður skv. IV. kafla lögræðislaga, nr. 71/1997. "

*Kröfufylsing fyrir hjúkrunarrými og dvalarrými, útgáfa III. Velferðarráðuneytið sept. 2016

	Innifalin í dvalargjaldi	Ekki í innifalin dvalargjaldi
Fjármálaumsýsla *		x
Bankþjónusta		x

Samkvæmt lögum um málefni aldraðra og reglugerð Velferðarráðuneytisins falla niður bætur frá Tryggingastofnun frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir flutning á hjúkrunarheimilið.

Íbúar geta þurft að taka þátt í dvalarkostnaði sínum vegna varanlegrar búsetu á dvalar- eða hjúkrunarheimili. Þátttakan er tekjutengd og er reiknuð út á grundvelli tekjuáætlunar. Ef íbúi tekur þátt í dvalarkostnaði byrjar hann að greiða frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að búseta hefst.

Heilsuvernd hjúkrunarheimili sjá um að innheimta hjá heimilisfólki greiðsluþátttöku samkvæmt útreikningum Tryggingastofnunar, sem veitir allar upplýsingar um greiðsluþátttöku og forsendur útreiknings. Reikningar eru sendir út mánaðarlega og athygli vakin á að greitt er eftir á með gjalddaga í lok næsta mánaðar og eindaga í byrjun mánaðarins þar á eftir.

Til að einfalda ferlið mælum við með því að nýta sér beingreiðslu eða greiðsluþjónustu banka en þeir sem vilja nýta sér þau úrræði þurfa að láta sinn viðskiptabanka skrá greiðslurnar þar sem það gerist ekki sjálfkrafa og Heilsuvernd Hjúkrunarheimili geta ekki haft milligöngu þar um.

Ráðstöfunarfé er greitt til þeirra sem hafa litlar eða engar tekjur. Ár hvert að lokinni álagningu skattayfirvalda, er það endurreiknað á sama hátt og lífeyrir. Ekki þarf að sækja sérstaklega um ráðstöfunarfé.

Nánari upplýsingar má fá hjá Tryggingastofnun, www.tr.is eða í síma 560-4400

Athugið að íbúar HH, þurfa eins og aðrir að skila skattframtali.

HH ber enga ábyrgð á verðmætum eða peningum sem geymdir eru inni á herbergjum íbúa.

Brotthlutningur eða andlát

Við brotthlutning íbúa af heimilinu eða við andlát hans þurfa starfsmenn rekstraraðila að veita bæði íbúanum sjálfum og aðstandendum hans viðeigandi stuðning. Í þessu sambandi skal m.a. fara að lögum nr. 61/1998, um dánarvottorð, krufningar o.fl., og reglugerð nr. 248/2001, um ritun dánarvottorða o.fl. Einnig skal fara að fyrirmælum Embættis landlæknis á hverjum tíma, t.d. leiðbeiningum embættisins um andlát og umönnun látinna og aðstandenda þeirra.

*Kröfulýsing fyrir hjúkrunarrými og dvalarrými, útgáfa III, bls. 13. Velferðarráðuneytið sept.2016

	Innifalin í dvalargjaldi	Ekki í dvalargjaldi
Kistulagning		x
Flutningur hins látna		x
Sálgæsla		x
Frágangur á eigum hins látna		x

Við brotthlutning eða andlát á HH ber að tæma herbergi innan 3ja sólahringa frá flutningi eða andláti.

Það er hlutverk nánasta aðstandanda að tilkynna um andlát til sýslumanns eftir að hann fær tilkynningu í pósthólf inn á island.is um að dánarvottorð sé tilbúið

Annað

Ef frekari spurningar vakna um þjónustuna eru íbúar og aðstandendur hvattir til að snúa sér til starfsfólks og stjórnenda hjúkrunar- og dvalarheimilisins.

*Kröfulýsing fyrir hjúkrunarrými og dvalarrými, útgáfa III. Velferðarráðuneytið sept. 2016.

	Innifalin í dvalargjaldi	Ekki innifalin í dvalargjaldi
Túlkþjónusta varðandi upplýsingar um heilsufar og meðferð*	x	

* skv. 5.gr.laga nr.74/1997

Reykingar eru óheimilar hjá Heilsuvernd hjúkrunarheimili sbr. 3. og 9. grein reglugerðar nr. 326/2007 um takmarkanir á tóbaksreykingum.

Bannið nær til allra húsakynna heimilanna og á við um íbúa, gesti og starfsfólk. Rafrettur (kallað vape) eru einnig óheimilar innan HH.

Trúnaður og tillitssemi:

Óskað er eftir því að íbúar og gestir sýni tillitssemi og geymi með sjálfum sér það sem þeir sjá og heyra hjá HH.

Ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar

Símaskrá Hlíð

Skiptiborð 460-9100
Aspar/Beykihlíð 460-9170
Birki/Lerkihlíð 460-9150
Reyni/Skógarhlíð 460-9155
Eini/Grenihlíð 460-9180
Furuhlíð 460-9161
Víðihlíð 460-9160
Iðju-og Félagsstarf 460-9220
Fótaaðgerðarstofa 460-9224 / 854-1101
Hárstúdíó Hafdísar 460-9223 / 849-8854
Þvottahús 460-9197

Símaskrá fyrir Lögmannshlíð

Árgerði 460-9251
Bandagerði 460-9253
Kollugerði 460-9255
Melgerði 460-9257
Sandgerði 460-9259
Samkomugerði 460-9260
Fótaaðgerðarstofa 460-9213 / 854-1101
Hárstúdíó Hafdísar 460-9214 / 849-8854

Heimasíða Heilsuverndar hjúkrunarheimilis er www.hlid.is

Ýmsar upplýsingar eru á síðunni m.a. viðburðardagatal, matseðlar og fréttir af heimilinu.

Eftirfarandi heimili eru einnig með eigin fésbókar- síður:

Heilsuvernd hjúkrunarheimili

Aspar-Beykihlíð

Eini-Grenihlíð

Árgerði Lögmannshlíð

Bandagerði Lögmannshlíð

Melgerði Lögmannshlíð

Sandgerði Lögmannshlíð